

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-60/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 7. ágúst 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um viðgerðarþjónustu á bifreið sem keypt var af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur seljanda hafa valdið skemmdum á bifreiðinni og krefst þess að seljandi greiði fyrir viðgerð vegna skemmdanna.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur í því skyni. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust athugasemdirnar 11. september 2019. Neftndinni bærust ekki frekari athugasemdir eða gögn frá málsaðilum. Með bréfi, dags. 13. desember 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir þjónustu seljanda þann 20. maí 2019 sem fólst í viðgerð á bifreiðinni XX-000. Bifreiðin er af gerðinni Mitsubishi Pajero, sem álitsbeiðandi keypti nýja af seljanda á árinu 2007. Lýsir álitsbeiðandi því að bifreiðin hafi átt það til að missa afl og hafi hann óskað eftir viðgerð af þeim sökum auk olúskipta hjá seljanda. Jafnframt því hafi álitsbeiðandi óskað upphaflega eftir að skipt yrði um festingar við númeraljós en að fallið hafi verið frá þeim þætti. Vísar álitsbeiðandi til þess að viðgerðin hafi tekið nokkra daga og að hann hafi greitt fyrir hana alls 300.371 krónu, samkvæmt reikningi útgefnum 5. júní 2019, sem hafi verið umtalsvert hærri fjárhæð en samið hafi verið um fyrirfram á milli aðila.

Álitsbeiðandi vísar til þess að hann hafi orðið þess áskynja eftir fyrrgreinda viðgerð seljanda að bakkmyndavél bifreiðarinnar væri óvirk. Hafi hann haft samband við seljanda í kjölfar þess og fengið tíma í viðgerð nokkrum dögum síðar. Hafi skoðun þá, sem fram mun hafa farið þann 25. júní 2019, leitt í ljós að myndavél bifreiðarinnar væri ónýtt. Lýsir álitsbeiðandi því að myndavélin hafi verið í góðu lagi þegar bifreiðin hafi verið afhent í viðgerð til seljanda í hið fyrra skipti. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum er áætlaður kostnaður við nýja myndavél og fylgihluti ásamt vinnu alls 172.398 krónur að mati seljanda.

Álitsbeiðandi byggir á að starfsmenn seljanda hafi valdið skemmdum á myndavélinni við framkvæmd viðgerðarinnar. Gerir hann þá kröfu fyrir kæruneftndinni að seljandi skipti um myndavél sér að kostnaðarlausu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum vísar seljandi til þess að bifreiðin hafi fyrst verið skráð og afhent þann 1. september árið 2007. Þegar bifreiðin hafi komið til viðgerðar þann 5. júní 2019 hafi henni verið ekið rúmlega 153.000 km. Reisir seljandi málartilbúnað sinn fyrir neftndinni á því

að viðgerð sú sem framkvæmd hafi verið á bifreið álitsbeiðanda hafi ekki verið orsök þeirrar bilunar sem umþrætt sé í málinu.

Seljandi bendir á að í athugasemdum vegna viðgerðarinnar greini að skipta þurfi um festingu fyrir varadekkshlíf vegna mikils ryðs og að myndavélin hafi fest í þeirri hlíf. Lýsir seljandi því að líklegt sé að myndavélin hafi verið laus í nokkurn tíma vegna ryðs og þannig orðið fyrir skemmdum enda sé um 12 ára gamla bifreið að ræða.

Seljandi bauð fram sættir við meðferð málsins. Kvaðst seljandi þannig vera reiðubúinn að afhenda álitsbeiðanda nýja bakkmyndavél án endurgjalds, að verðmæti 67.915 krónur, auk vinnu fyrir 7.585 krónur. Eftirstöðvar samkvæmt fyrrgreindu tilboði, dags. 25. júní 2019, sem hljóðaði upp á alls 172.387 krónur þyrfti álitsbeiðandi hins vegar að greiða.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi þjónustu af seljanda þann 20. maí 2019 sem fólst í viðgerð á bifreiðinni ED-A30 sökum þess að bifreiðin átti það til að missa afl, auk olfuskipta. Álitsbeiðandi greiddi 300.371 krónu fyrir viðgerðina samkvæmt reikningi seljanda, dags. 5. júní 2019. Þegar álitsbeiðandi fékk bifreiðina afhenta kveðst hann hafa tekið eftir því að bakkmyndavél bifreiðarinnar væri óvirk og var það staðfest af starfsmönnum seljanda eftir skoðun sem fram fór þann 25. sama mánaðar. Samkvæmt tilboði seljanda er áætlaður viðgerðarkostnaður vegna myndavélarinnar að fjárhæð 172.387 krónur en seljandi hefur boðist til að greiða fyrir nýja myndavél og einnig vinnukostnað að litlum hluta, fyrir alls 75.500 krónur. Samkvæmt tilboðinu yrði álitsbeiðanda gert að greiða 96.887 krónur fyrir viðgerðina. Álitsbeiðandi hefur hins vegar krafist þess fyrir nefndinni að seljandi greiði fyrir viðgerðina að fullu.

Kærunefndin álitur að 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu en ákvæðið mælir fyrir um skaðabótaskyldu seljanda ef tjón verður á eignum neytanda við vinnu eða í tengslum við þjónustu. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.“

Til þess að geta krafist skaðabóta vegna eignatjóns af völdum seljanda þarf að liggja fyrir að tjón hafi orðið við þjónustu eða í tengslum við hana, svo sem áskilið er í fyrrgreindu ákvæði. Hvílir sönnunarbyrðin um þetta efni á álitsbeiðanda sem þarf samkvæmt því að sýna fram á að seljandi hafi valdið hinu umþrætta tjóni við framkvæmd viðgerðarinnar eða í tengslum við hana.

Í fyrrgreindum reikningi sem seljandi gaf út á hendur álitsbeiðanda vegna framkvæmdarinnar, dags. 5. júní 2019, var eftirfarandi tiltekið:

„Það er villa á map skynjara og farið að pústa út með egr ventli. Mæli með að skipta um egr ventil og map skynjara. Abs ljósið kemur samhliða bilun á skynjara fyrir vél. Engin bilun á abs. Varadekksfestingin er ryðguð og númersljósafestingin er innbyggð í hana. Það þarf að skipta um varadekksfestingu. Billinn yfirfarinn. Fann leka á kæliröri fyrir sjálfskiptingu, sem þarf að skipta um. Einnig eru diskar að framan mjög

ljótir að innanverðu. Mæli með að skipt sé um kælirör ásamt diskum og klossum að framan. Skipt um olíu og súu á vél. Það kom í ljós að það þarf að taka soggrein af bíl og hreinsa hana, hún er stífluð útaf sóti og það er ástæðan af hverju EGR-inn og MAP sensorinn eru ónýtir, þarf að hreinsa soggrein og þá skipta um ventil og skynjara í leiðinni.“

Í viðgerðinni fólst samkvæmt reikningi verkstæðisins auk bilanagreiningar að soggrein var tekin af og hreinsuð að innan, skipt var um EGR ventil og MAP sensor, skipt um kælirör fyrir sjálfsskiptingu og „aðeins bætt á skiptingu“ Einnig virðist hafa verið skipt um bremsudiska og bremsuklossa.

Fyrir liggur að bakkmyndavél bifreiðarinnar er ónýtt en ágreiningur er um orsök þess á milli málsaðila. Álitsbeiðandi hefur bent á og á því byggt að myndavélin hafi verið í góðu lagi áður en bifreiðin hafi verið afhent til viðgerðar hjá seljanda. Þau gögn sem álitsbeiðandi hefur lagt fram í málinu sýna hins vegar ekki fram á beina tengingu á milli viðgerðar seljanda og bilunar í myndavélinni eða hvernig sú bilun hafi getað komið til við umrædda viðgerð. Eins og málið liggur fyrir nefndinni er það eina sem tengir þetta tvennt saman skammur tími frá viðgerðinni þar til bilunar varð vart í myndavélinni. Að mati nefndarinnar er ekki unnt að fullyrða um orsök bilunarinnar út frá fyrirliggjandi gögnum í málinu. Verður í því samhengi jafnframt að líta til þess að samkvæmt gögnum málsins var viðgerð seljanda á bifreið álitsbeiðanda lokið 5. júní 2019 en ekki var tilkynnt um hina umþrættu bilun í bakkmyndavélinni fyrr en þann 13. sama mánaðar.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af atvikum öllum og málgögnum verður ekki talið að álitsbeiðandi hafi sýnt fram á í málinu að seljandi hafi valdið tjóni á eignum hans vegna eða í tengslum við hina veittu þjónustu. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna kröfu álitsbeiðanda um bætur vegna eignatjóns í máli þessu.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Sölvi Davíðsson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson